

M-2/2008 Álit 13. febrúar 2008

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. febrúar 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-2/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. janúar sl. bað X, hér eftir líka nefndum álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreið, Nissan Patrol jeppa, af Y. Álitsbeiðandi segir bifreiðina hafa verið gallaða og vill að seljandi greiði sér viðgerðarkostnað vegna gallans að hluta eða öllu leyti.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 18. janúar sl., og bárust þau nefndinni 22. s.m. Andsvörin voru kynnt álitsbeiðanda með bréfi, dags. 23. janúar sl., og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir. Athugasemdirnar bárust nefndinni 30. janúar sl. Með bréfi, dags. 31. janúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti framangreinda bifreið, Nissan Patrol GR, 22. nóvember sl. fyrir kr. 1.766.015 af Y fyrir milligöngu bílasölnunnar Z. Kaupverðið greiddi álitsbeiðandi með yfirtöku láns sem hvíldi á bifreiðinni. Í kaupsamningi segir að ökutækið seljist í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kunni að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Í söluupplýsingum um bifreiðina sem fylgdi álitsbeiðninni segir að hún sé nýskráð 3/1998, nýupptekin vél og túrbína, díselvél sé í bifreiðinni með 2.800 cc og að henni hafi verið breytt. Fleiri upplýsingar eru gefnar um bifreiðina sem ekki er ástæða til að rekja hér.

Álitsbeiðandi segist hafa verið búinn að eiga bifreiðina í 23 daga og hafa ekið henni í 5 daga og um 1300 km þegar hún hafi bilað en það hafi verið við Brú í Hrótafirði. Bilunin hafi verið sú að stimpilstöng hafi brotnað og skemmt sveifarás og legubakka. Álitsbeiðandi kveðst hafa gefið seljanda kost á því að taka þátt í viðgerðinni með því að hann greiddi þá varahluti sem til hennar hafi þurft, en um hafi verið að ræða notaða varahluti sem kostað hafi um kr. 200.000, en álitsbeiðandi greiddi viðgerðarvinnuna. Þessu hafi seljandi hafnað og ekkert viljað greiða. Verð á varahlutunum sé kr. 283.472 hjá umboðsaðila og vinnan hafi tekið 52 tíma. Auk þessa hafi þurft að flytja bifreiðina frá Brú í Hrótafirði til Reykjavíkur.

Álitsbeiðninni fylgdi skrá yfir keypta varahluti hjá A þ.e. sveifarás, legur, pakkningar og stimpilstöng fyrir samtals kr. 152.000. Vinna við bilanagreiningu og mótór

er kr. 509.600 og flutningur á bifreiðinni reiknaður sem fyrr kr. 129.800. Samtals kr. 791.400.

Þá fylgir álitsbeiðninni önnur skrá yfir verð á sömu varahlutum hjá B og er verðið kr. 283.472. Vinna samkvæmt verðskrá B kostar 572.000 og flutningur bifreiðarinnar hið sama kr. 129.800. Samtals gera þessir liðir kr. 985.272.

IV

Andsvör gagnaðila

Seljandi kveðst hafa eignast bifreiðina 16. október 2007 og frá þeim tíma hafi hún staðið á bílasölunni Z og ekkert verið notuð þar til hún hafi verið seld. Á upplýsingablaði sé talað um upptekningu á efri hluta vélar og túrbínu en aldrei hafi verið talað um að neðri hluti vélar hafi verið tekinn upp. Þetta hafi hann tilkynnt bílasalanum þegar kaup hafi farið fram og í afsali sé hvergi minnst á að vél hafi verið tekin upp. Fyrir liggir að álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina óséða og ekki sett hana í ástandsskoðun. Hafa verði í huga að um tæplega 10 ára gamla bifreið sé að ræða sem ekið hafi verið um 200.000 km. Seljandi segir að sér skiljist að umrædd bilun sé þekkt í bifreiðum af þessu tagi. Við það bætist að bifreiðin hafi verið hækkuð upp og í hana settur tölvukubbur til að auka kraft vélarinnar. Alkunnugt sé að slíkar breytingar flýti sliti og stytta líftíma vélar og bifreiðar. Samkvæmt upplýsingum sem seljandi kveðst hafa aflað sér sé sú bilun sem um er að ræða frekar algeng og verði einkum þegar bifreiðinni sé misboðið, t.d. ef vél fari á yfirsnúning. Seljandi kveðst telja að álitsbeiðandi hefði átt að geta gert sér grein fyrir því að gömul bifreið, sem hafi verið breytt á þann hátt sem lýst er að framan, geti bilað. Þá hafi álitsbeiðandi undirritað í kaupsamningi að hann hafi kynnt sér ástand bifreiðarinnar og kaupi hana í því ástandi. Seljandi segist álíta að komi einhverjar skaðabætur til álita eigi sá sem hann keypti bifreiðina af að greiða þær.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að á upplýsingablaði um bifreiðina sem á bílasölunni var komi hvergi fram að einungis efri hluti mótors hafi verið tekinn upp heldur standi þar skýrum stöfum: „nýupptekin vél og túrbína.“ Álitsbeiðandi kveðst þekkja Patrolbíla það vel að hann hefði aldrei keypt bifreiðina hefði honum verið sagt að einungis væri búið að taka upp efri hluta vélar. Bílasalinn og bróðir hans séu vinir seljanda og verður að skilja af þeim orðum álitsbeiðanda að vitnisburður þeirra sé ekki marktækur. Álitsbeiðandi segist hafa spurt bílasalann að því hvort vélin væri nýupptekin og hafi svarið verið á þessa leið: „Já, þú getur kíkt ofan í húddið á honum, það glansar á honum heddið það er svo nýtt.“ Aldrei hafi verið minnst á að neðri hlutinn væri ekki upptekinn og hafi hann látið við það sitja. Álitsbeiðandi segir sér kunnugt um að bifreiðin hafi verið notuð á meðan hún hafi verið á bílasölunni. Seljandi hafi lánað bílasalanum bifreiðina í jeppaferð, það hafi bílasalinn sjálfur sagt sér, og gæti hann þá hafa misboðið henni.

Álitsbeiðandi segir bróður sinn hafa skoðað bifreiðina fyrir kaupin en ekki ekið henni. Bílasalinn hafi einnig sagt sér að þeir sem áður hefðu haft hug á að kaupa bifreiðina hafi farið með hana í svokallaða ástandsskoðun og sagt engar athugasemdir hafa verið gerðar. Þó að breytingin á bifreiðinni geti aukið hættu á sliti sé brotin stimpilstöng ekki eðlilegt slit.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Í 19. gr. lausafjárkaupalaga nr. 50/2000 er kveðið á um sölu á hlut þegar hann er seldur „í því ástandi sem hann er“ en líta verður svo á að kaupin á bifreiðinni hafi farið fram með þeim hætti, sbr. afsal fyrir bifreiðinni.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 19. gr. er hlutur gallaður svári hann ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þau atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust.

Samkvæmt b-lið sömu málsgreinar er hlutur gallaður hafi seljandi við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin.

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 19. gr., sbr. upphaf 1. mgr., er hlutur gallaður ef ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Eins og að framan er rakið var bifreið sú sem álitsbeiðandi keypti 10 ára þegar kaupin fóru fram og henni hafði verið ekið 197.000 kílómetra. Hér var því um að ræða bifreið sem komin var til ára sinna og hafði verið ekið töluvert mikið. Hvortveggja gerir það að verkum að búast mátti við því að bifreiðin gæti bilað, hvort heldur með þeim hætti sem varð eða á annan hátt. Hér hagar hins vegar svo til að í upplýsingum sem voru gefnar um bifreiðina hjá Z á sérstöku upplýsingablaði var sérstaklega tekið fram að vél og túrbína væru nýupptekin. Óumdeilt er að aðeins efri hluti vélarinnar hafði verið tekinn upp. Að mati sérfróðs aðila sem kærunefndin hefur leitað til er ekki hægt að skilja framangreindar upplýsingar öðru vísi en svo að vélin öll hafi verið tekin upp en ekki aðeins hluti hennar.

Álitsbeiðandi hefur mótmælt því að honum hafi verið tjáð við kaupin að einungis efri hluti vélarinnar hafi verið tekinn upp heldur hafi honum þvert á móti verið sagt að það ætti við um alla vélin. Með það í huga og sérstaklega þær skráðu upplýsingar um ástand vélarinnar sem lágu fyrir við kaupin þykir álitsbeiðandi hafa mátt treysta því að vélin væri öll upptekin. Beiðni álitsbeiðanda verður að skilja svo að þessar upplýsingar hafi haft áhrif á kaupin, en í athugasemdum við andsvör seljanda kveðst hann aldrei myndu hafa keypt bifreiðina hefði hann vitað að vélin hafði ekki öll verið tekin upp.

Þegar litið er til a og b-liðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 sem raktir eru hér að framan verður að telja að við kaupin hafi bifreiðin verið haldin galla í skilningi þeirra lagaákvæða.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi taki þátt í kostnaði við viðgerð bílsins að hluta eða öllu leyti. Sú krafa er í eðli sínu krafa um afslátt af kaupverði sem með vísan til þess sem að framan er sagt verður að telja álitsbeiðanda eiga rétt til samkvæmt ákvæðum 38. gr. laga nr. 50/2000 en þar segir að sé hlutur gallaður geti kaupandi krafist afsláttar af kaupverði. Í sömu grein segir einnig að afsláttur skuli reiknaður þannig að hlutfallið milli hins lækkaða verðs og samningsverðsins svári til hlutfallsins á milli verðgildi hlutarins í

gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartíma. Með þessi ákvæði í huga álitur kærunefndin að seljandi eigi að greiða álitsbeiðanda kr. 300.000.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 300.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir